

Skólanámskrá í náttúrufræði fyrir 8. bekk Kópavogsskóla

Við lok 8. bekkjar átti nemendur sig á hvað “vísindaleg vinnubrögð merkja og mikilvægi niðurstaðna fyrir samfélagið, náttúruna og framtíð jarðar.”

Nemendur geti rökrætt og valið efni úr athugunum og heimildum bæði á íslensku og erlendum málum.

Nemendur geri sér grein fyrir nútíma kenningum á samsetningu alheimsins. Stöðu okkar og jarðar í því samhengi.

Nemendur geti útskýrt hlutverk helstu líffæra- líffærakerfi mannlíkamans, gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi.

Nemendur átti sig á samskiptum lífvera, samspili manns og náttúru.

Það sem kennt verður;

Það sem kennt verður til að ná áður nefndum markmiðum:

Farið verður í tilurð alheimsins, hugmyndir varðandi alheiminn, ýmis hugtök er tengjast viðfangsefninu.

Sólkerfið tekið fyrir og hugmyndir manna um líf á öðrum hnöttum.

Grunnhugtök úr eðlis- og efnafræði verða sérstaklega skoðuð.

Kennt verður um það sem einkennir lífverur.

Fruman krufin til mergjar.

Samskipti lífvera og hugtök sem tengjast því.

Nemendur munu vinna sjálfstæða heimildarvinnu er tengist efninu. Nemendur velja sjálfir viðfangsefnið.

Leiðir:

Notuð verður kennslubókin “Einkenni Lífvera” og “Sól, Tungl og Stjörnur”.

Forritið “Sunflower”.

Ýmsar fræðibækur á bókasafni skólans.

Tölvuver og fræðslumyndbönd.

Kennslan verður með fyrirlestrarformi, sjálfstæðri vinnu nemenda meðal annars heimildaröflun og úrvinnsla gagna.

Farið verður að minnsta kosti í tvær vettvangsferðir yfir veturinn.